

VERÐSKRÁ

FYRIR TENGIGJÖLD RAFMAGNS



Verðskrá fyrir tengigjöld rafmagns 1.maí 2012 **Breyting á VSK 1.1.2015 úr 25,5% í 24%**

Verðskrá tengigjalda skiptist í tvo kafla. Í fyrri kaflanum er fjallað um þéttbýli og byggðakjarna, en í seinni kaflanum er fjallað um dreifbýlisheimtaugar.

Heimtaugar eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi aðgang að dreifikerfi RARIK. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst. Föst tengigjöld samkvæmt verðskrá þessari eru því aðeins í gildi að eðlileg lagnaleið sé fyrir hendi.

Með heimtaugarumsókn þarf að fylgja uppdráttur af lóðum svæðisins í mælikvarða 1:500 til 1:2000, staðfestur af Skipulagsstofnun, ásamt landnúmerum viðkomandi lóða. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar, og bráðabirgðaheimtaugar til tímabundinna nota.

Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar, TTR, grein 4.1.2.

Í dreifbýli þar sem heimtaugar eru 100 A eða minni er mælir settur í mælakassa utandyra. Þetta gildir einnig í þéttbýli þar sem ekki er um búsetu eða reglulega starfsemi að ræða. Húseigandi leggur til mælakassa sem uppfyllir kröfur um frágang og gerð á mynd M5 í TTR og skal rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

Frágangur rafmagnsheimtauga skal vera samkvæmt Tæknilegum tengiskilmálum raforkudreifingar, TTR.

Heimtaugar fyrir ótryggða orku falla ekki undir verðskrá þessa, enda eru slíkar heimtaugar meðhöndlaðar sérstaklega hverju sinni.

Öll gjöld eru gefin upp með virðisaukaskatti.

1. Heimtaugar í þéttbýli og byggðakjörnum

Í þessari verðskrá teljast til þéttbýlis þeir staðir sem skilgreindir eru sem þéttbýli á grundvelli reglugerðar um framkvæmd raforkulaga. Í þessari verðskrá teljast til byggðakjarna skipulögð hverfi með samfelldri byggð og frágengnu gatnakerfi þar sem fjarlægð milli húsa fer ekki að hámarki yfir 100 metra og íbúatalan er yfir 50 miðað við skrá Hagstofu Íslands um síðastliðin áramót. Nýir byggðakjarnar sem eru að myndast greiða tengigjald samkvæmt dreifbýlisverðskrá þar til ofangreindum skilyrðum er fullnægt.

Skrá yfir skilgreind þéttbýli og byggðakjarna er að finna á heimasíðu RARIK.

1.1 Heimtaugar

Gjald fyrir heimtaug er háð stærð hennar. Lágmarksstærð heimtaugar er 50 A. Þriggja fasa. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

RARIK gerir skriflegt tilboð um tengigjald fyrir heimtaugar stærri en 2800 A. Gjald fyrir breytingar á heimtaugum, aðrar en um getur í verðskrá þessari, er samkvæmt skriflegu tilboði.

Einungis er afgreidd ein heimtaug í hvert hús samanber TTR 4.1.7. Heimtaugagjald miðast við að heimtaugarstrengur sé kominn inn í töflu / mælakassa, en rafverktaki annast tengingu hans á kostnað húseiganda. Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft og lögn á 50 mm röri eða stærra eftir því sem við á, fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar, TTR, grein 4.1.2.

Viðbótarmælar eru eingöngu settir upp í fjöleignahúsum eða húsum sem fleiri en einn nýtir. sjá gr.1.3

Sé spennistöð sett upp að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda skal notandi leggja til lóð eða húsnæði, sjá gr. 1.6.

1.2 Tengigjöld í þéttbýli og byggðakjörnum

Grunnverð:

Málstraumur/gerð

50	A	Þriggja fasa	178.000
80	A	Þriggja fasa	257.000
100	A	Þriggja fasa	311.000
200	A	Þriggja fasa	576.000
315	A	Þriggja fasa	881.000
400	A	Þriggja fasa	1.109.000
500	A	Þriggja fasa	1.373.000
630	A	Þriggja fasa	1.718.000
800	A	Þriggja fasa	2.171.000
1200	A	Þriggja fasa	3.233.000
1600	A	Þriggja fasa	4.295.000
2000	A	Þriggja fasa	5.357.000
2800	A	Þriggja fasa	7.480.000

Önnur gjöld sem til greina koma eru:

- a) Viðbótarmælir 31.300 kr. sjá gr. 1.3
- b) Bráðabirgðaheimtaugar sjá gr. 1.4
- c) Stækkun heimtaugar sjá gr. 1.5
- d) Spennistöð fyrir einn notanda sjá gr. 1.6
- e) Endurkomugjald 22.400 kr. sjá gr. 1.7
- f) Breyting á heimtaug sjá gr. 1.8
- g) Endurtenging sjá gr. 1.9
- h) Aukakostnaður og frávik sjá gr. 1.12

1.3 Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast 31.300 kr fyrir hvern mæli. Viðbótarmælar eru eingöngu settir upp í fjöleignahúsum eða húsum sem fleiri en einn nýtir. Þar sem notendur eru fleiri en 5 á sömu heimtaug greiðist fullt gjald fyrir fyrstu 5 viðbótarmælana en hálf gjald fyrir mæla umfram 5 í sama verkinu. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugarhafa.

1.4 Bráðabirgðaheimtaugar

Grunngjald fyrir bráðabirgðaheimtaugar er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð

50	A	einfasa	39.400 kr
50	A	þriggja fasa	39.400 kr
100	A	þriggja fasa	56.800 kr
200	A	þriggja fasa	88.900 kr

Innifalið í grunngjaldi er kostnaður við uppsetningu mælis og spennusetningu veitunnar. **Annar kostnaður við framkvæmd verks greiðist samkvæmt skriflegu tilboði, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra.** Með bráðabirgðaheimtaug er átt við heimtaug sem fjarlægð er að verki loknu og gjald fyrir hana dregst ekki frá gjaldi fyrir varanlega heimtaug.

1.5 Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða 31.300 kr fast gjald og auk þess fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi verðskrá. Þetta á þó ekki við smáheimtaugar, (sjá eldri verðskrár), en þær er ekki hægt að stækka. Þurfi að skipta um heimtaugastreng vegna stækkunar heimtaugar skal umsækjandi sjá um jarðvinnu innan lóðar og sé fyrirbyggjandi rör fyrir streng of grannt eða skemmt skal umsækjandi sjá um að endurnýja það á sinn kostnað.

1.6 Spennistöð

Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar lóð er lögð til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu lóðarinnar. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota, svo sem um brunahólf, og að öðru leyti fullnægja byggingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

1.7 Endurkoma

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðist endurkomugjald 22.400 kr.

1.8 Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað. Sama gildir ef færa þarf mælakassa og heimtaug sé mælakassi ekki lengur aðgengilegur utan dyra. Þegar heimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi þó aðeins um jarðvinnu á eigin lóð auk mælakassa utanhúss þar sem heimtaug þar sem það á við.

1.9 Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði verður heimtaug aftengd. Falli notkun um heimtaug niður í 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald samkvæmt verðskrá hefjist notkun að nýju. Fyrir endurtengingu allt að 18 mánuðum frá aftengingu greiðast 39.500.kr, fyrir endurtengingu, fyrir endurtengingu allt að 36 mánuðum frá aftengingu greiðast 59.300.kr fyrir endurtengingu og fyrir endurtengingu allt að 5 árum greiðist 119.000.kr. Endurtenging heimtaugar á aðeins við þar sem heimtaugin var afgreidd á sínum tíma, en fylgir ekki húsinu við flutning.

1.10 Staðsetning

Leita skal samþykkis RARIK fyrir staðsetningu inntaks heimtaugar samanber TTR 4.1.2.

1.11 Framkvæmd

Umsækjanda ber að leggja, á sinn kostnað, plaströr fyrir heimtaugarstreng út fyrir lóðamörk í samráði við RARIK og í samræmi við tæknilega tengiskilmála TTR 3.2.6.

1.12 Aukakostnaður og frávík

Fyrir heimtaugar á svæði þar sem varanlegri gatnagerð er ólokið getur RARIK krafist aukagjalds til að mæta viðbótarkostnaði sem af hlýst. Sé heimtaug lögð að ósk notanda við óhagstæðar aðstæður, svo sem vegna frosts í jörðu eða aurbleytu, getur RARIK krafist aukagjalds fyrir viðbótarkostnaði sem af hlýst.

2. Heimtaugar í dreifbýli

Til dreifbýlis teljast heimtaugar utan þéttbýlis og byggðakjarna sem fjallað er um í kafla 1.

2.1 Heimtaugar

Gjald fyrir heimtaug er háð stærð heimtaugar. Lágmarksstærð eins og þriggja fasa heimtaugar er 50 A. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar, háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis. Ef um er að ræða þriggja fasa dreifikerfi eru afgreiddar þriggja fasa heimtaugar.

RARIK gerir skriflegt tilboð um tengigjald fyrir heimtaugar stærri en 200A einfasa og 2800 A þriggja fasa. Gjald fyrir breytingar á heimtaugum, aðrar en um getur í verðskrá þessari og bráðabirðaheimtaugar er samkvæmt skriflegu tilboði.

Einungis er afgreidd ein heimtaug í hvert hús samanber TTR 4.1.7 Þar sem heimtaug er 100 A eða minni er mælir settur í mælakassa utandyra. Húseigandi leggur til mælakassa sem uppfyllir kröfur um frágang og gerð á mynd M5 í TTR og skal rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

Heimtaugagjald miðast við að heimtaugarstrengur sé kominn inn í töflu / mælakassa Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi skal ákveðin í samráði við RARIK, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðarmarka, ásamt því að leggja 50 mm rör a.m.k. 20 m út frá húsi, og annast frágang í samræmi við Tæknilega tengiskilmála raforkudreifingar, TTR, grein 4.1.2.

Fari meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis, frá hverri spennistöð, yfir 200 m á hverja lóð kemur til greiðslu umframlengdargjalds samkvæmt gr. 2.4.

Í upphafi þurfa a.m.k. 5 heimtaugar að tengjast hverri spennistöð, sem sett er upp, til að ekki komi til greiðslu spennistöðvargjalds, sjá gr. 2.5.

Lengd háspennudreifikerfis, sem leggja þarf, má ekki fara yfir 100 metra á hverja heimtaug, nema að til komi greiðsla fyrir umframlengd, samkvæmt gr. 2.6 eða gr. 2.7, eftir því sem við á.

Viðbótarmælur eru eingöngu settir upp í fjöleignahúsum eða húsum sem fleiri en einn nýtir, sjá gr.2.8.

2.2 Tengigjöld í dreifbýli

Grunnverð:

Málstraumur/gerð

50	A	ein fasa 460 V	361.600
80	A	ein fasa 460 V	415.000
160	A	ein fasa 460 V	624.000
50	A	Þriggja fasa	361.700
100	A	Þriggja fasa	496.000
200	A	Þriggja fasa	760.800
315	A	Þriggja fasa	1.066.100
400	A	Þriggja fasa	1.218.300
500	A	Þriggja fasa	1.483.000
630	A	Þriggja fasa	1.903.000
800	A	Þriggja fasa	2.356.000
1200	A	Þriggja fasa	3.418.000
1600	A	Þriggja fasa	4.448.000
2000	A	Þriggja fasa	5.541.000
2800	A	Þriggja fasa	7.664.000

Önnur gjöld sem til greina koma eru:

- Umframlengdargjald lágspennu 1.869kr/m sjá gr. 2.4
- Spennistöðvargjald 482.000 kr. (ef heimtaugar eru færri en 5 í upphafi) sjá gr. 2.5
- Yfirlengdargjald háspennu að 2000 m 1.869 kr/m sjá gr. 2.6.
- Yfirlengdargjald háspennu yfir 2000 m sjá gr. 2.7
- Viðbótarmælir 31.300 kr. sjá gr. 2.8
- Bráðabirðaheimtaug sjá grein 2.3
- Stækkun heimtaugar sjá gr. 2.9
- Endurkomugjald 22.400 kr. sjá gr. 2.10
- Breyting á heimtaug sjá gr. 2.11
- Þrífösun heimtaugar og spennistöðvar sjá gr. 2.12
- Þrífösun háspennulagnar sjá gr. 2.13
- Endurtenging heimtaugar sjá gr. 2.14
- Aukakostnaður og frávik sjá gr. 2.15

Gjald fyrir aðalheimtaug er háð stærð heimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Um er að ræða einfasa eða þrífasa heimtaugar, háð gerð fyrirbyggjandi háspennudreifikerfis. Ef um er að ræða þriggja fasa dreifikerfi eru afgreiddar þriggja fasa heimtaugar.

2.3 Bráðabirðaheimtaug

Bráðabirðaheimtaugar í dreifbýli eru afgreiddar eftir tilboði hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu þeirra. Með bráðabirgðaheimtaug er átt við heimtaug sem fjarlægð er að verki loknu og gjald fyrir hana dregst ekki frá gjaldi fyrir varanlega heimtaug.

2.4 Umframlengd lágspennu

Fari meðallengd heimtauga og lágspennudreifikerfis þeirra, er tengjast samtímis á spennistöð, yfir 200 m skal greiða umframlengdargjald.

Umframgjald fyrir hvern metra, á bilinu 200 m til 400 m, er 1.869 kr. Lágspennukerfi notanda skal ekki fara yfir 400 m.

Nýtist lágspennukerfi, sem greitt hefur verið af yfirlengdargjald, nýjum notanda fyrir lok næsta almanaksárs eftir tengingu, endurgreiðir RARIK áður greitt yfirlengdargjald.

2.5 Ný spennistöð

Sé í upphafi sett sérstök spennistöð fyrir færri en 5 heimtaugar, greiðist sérstakt grunngjald spennistöðvar. Gjald þetta deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast í upphafi. Grunngjald spennistöðvar, einfasa eða þriggja fasa óháð stærð spennistöðvar, er 482.000 kr.

Gjald þetta kemur til viðbótar heimtaugargjaldi samkvæmt gr. 2.2 og er ekki endurgreitt, þrátt fyrir að aðrir notendur tengist inn á kerfið síðar.

Þurfi að setja spennistöð, skal leggja RARIK til land eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að mati RARIK. Þegar land er lagt til er það gert RARIK að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum RARIK um stærð og staðsetningu landsins. Ef RARIK samþykkir að nýta húsnæði sem notandinn leggur til fyrir spennistöðina skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota, svo sem um brunahólf, og að öðru leyti fullnægja byggingareglugerð. Ganga skal frá skriflegum samningi um húsnæðið.

2.6 Ný háspennulögn til og með 2000 m

Fyrir háspennulögn umfram 100 m á hverja heimtaug, til og með 2000 m, greiðist hlutdeild í kostnaði háspennulagnar 1.869 kr/m. Gjald þetta deilist á þann fjölda heimtauga sem tengjast í upphafi og er ekki endurgreitt, þrátt fyrir að aðrar heimtaugar tengist inn á kerfið síðar.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna aðstæðna, að kostnaður við lagningu verði meira en 100% hærri en ofangreint metraverð gefur til kynna, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 100%.

2.7 Ný háspennulögn yfir 2000 m

Fyrir lengri lagnir en 2000 m greiðist samkvæmt tilboði.

Hafi notandi greitt fyrir nýja háspennulögn samkvæmt tilboði skal eftirfarandi gilda, hafi ekki um annað verið samið sérstaklega:

Tengist aðrir notendur viðkomandi kerfi, innan 10 ára frá verklokum, skulu þeir taka þátt í kostnaði og á þá sá sem upphaflega greiddi rétt á endurgreiðslu frá RARIK. Kostnaði er þá jafnað á milli notanda miðað við afskrifað verð þannig að kostnaðarhlutdeild og endurkröfuréttur lækki árlega um 10% af framreiknuðu stofnverði, með vísitölu neysliverðs, og falla niður að 10 árum liðnum frá verklokum.

Fari háspennulögn til notanda yfir 2000 m er RARIK heimilt að krefjast árlegs viðbótarfastagjalds fyrir dreifingu raforku. Upphæð gjaldsins sé samkvæmt samkomulagi hverju sinni þó að hámarki 3% af kostnaði við háspennulögn umfram 2000 m.

2.8 Viðbótarmælar

Fyrir uppsetningu viðbótarmælis, fyrir aðra mælingu og/eða annan notanda á sömu heimtaug, greiðast 31.300 kr fyrir hvern mæli. Viðbótarmælar eru eingöngu settir upp í fjöleignahúsum eða húsum sem fleiri en einn nýtir. Þar sem notendur eru fleiri en 5 á sömu heimtaug greiðist fullt gjald fyrir fyrstu 5 viðbótarmælana en hálf gjald fyrir mæla umfram 5 í sama verkinu. Viðbótarmæli er ekki heimilt að setja upp fyrir notkun utan lóðar heimtaugarhafa.

2.9 Stækkun heimtaugar

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða 31.300 kr fast gjald og auk þess fullt tengigjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu fyrra tengigjaldi samkvæmt gildandi verðskrá. Þetta á þó ekki við smáheimtaugar, (sjá eldri verðskrár), en þær er ekki hægt að stækka. Þurfi að skipta um heimtaugastreng vegna stækkunar heimtaugar skal umsækjandi sjá um jarðvinnu innan lóðar og sé fyrirbyggjandi rör fyrir streng of grannt eða skemmt skal umsækjandi sjá um að endurnýja það á sinn kostnað.

2.10 Endurkomugjald

Þurfi að hverfa frá við tengingu heimtaugar vegna ófullnægjandi frágangs, eða koma aftur vegna færslu heimtaugar á endanlegan stað, greiðist endurkomugjald 22.400 kr.

2.11 Breyting á heimtaug

Breytingar á heimtaug að ósk notanda eru alfarið á hans kostnað. Sama gildir ef færa þarf mælakassa og heimtaug sé mælakassi ekki lengur aðgengilegur utan dyra. Þegar heimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug sér notandi þó aðeins um jarðvinnu á eigin lóð auk mælakassa utanhúss þar sem heimtaug er 100A og minni.

2.12 Þrífösun heimtaugar og spennistöðvar.

Gjald fyrir þrífösun heimtaugar, að ósk notanda, skal vera 257.300 kr vegna spennistöðvar, þar sem skipta þarf um spennir, auk 31.300 kr á hverja heimtaug. Gjald vegna spennistöðvar deilist á þann fjölda heimtauga sem eru þrífasaðar samtímis.

Fyrir þrífösun heimtaugar, þar sem þrífasa spennir er til staðar, greiðast 68.000 kr. Notanda ber að tryggja sem jafnast álag á fasa.

Þrífösun samhliða endurnýjun dreifikerfis er án gjalds enda sé notandi tilbúinn að taka við þriggja fasa rafmagn samtímis því að endurnýjun fer fram.

2.13 Þrífösun háspennulagnar

Sé þriggja fasa háspennulögn ekki fyrir hendi, en viðskiptavinur óskar eftir að flýta endurnýjun vegna þarfar fyrir þriggja fasa rafmagn, greiðir umsækjandi flýtikostnað 740 kr/m. enda rúmist framkvæmdin innan framkvæmdaáætlunar RARIK

2.14 Endurtenging

Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði verður heimtaug aftengd. Falli notkun um heimtaug niður í 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald samkvæmt verðskrá hefjist notkun að nýju. Fyrir endurtengingu allt að 18 mánuðum frá aftengingu greiðast 59.300 þ.kr, fyrir endurtengingu, fyrir endurtengingu allt að 36 mánuðum frá aftengingu greiðast 79.000 .kr fyrir endurtengingu og fyrir endurtengingu allt að 5 árum

greiðist 197.600.kr. Endurtenging heimtaugar á aðeins við þar sem heimtaugin var afgreidd á sínum tíma, en fylgir ekki húsinu við flutning.

2.15 Aukakostnaður og frávik

Sé heimtaug lögð að ósk notanda við óhagstæðar aðstæður, svo sem vegna frosts í jörðu eða aurbleytu, getur RARIK krafist aukagjalds fyrir viðbótarkostnaði sem af hlýst.

2.16 Eftirlit

Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeiganda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, skal í samráði við RARIK tryggja heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfi, láspennukerfi eða annan nauðsynlegan búnað, sem og allan eðlilegan umgengisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.